



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Menntamálanefnd  
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

Rvk. 05.12.2005

### **Efni: Tillaga til þingsályktunar um fullorðinsfræðslu, 25. mál**

Samkvæmt tillögunni ályktar Alþingi að fela menntamálaráðherra að láta semja og leggja fyrir Alþingi lagafrumvarp um fullorðinsfræðslu með það að markmiði að efla og treysta fullorðinsfræðslu í landinu og skýra hlutverk þeirra sem að þessari menntun koma, bæði hvað varðar fjármögnun og námsframboð.

Samtök atvinnulífsins taka undir mikilvægi þess að efla og treysta fullorðinsfræðslu í landinu og að skýrt verði hlutverk þeirra sem að menntun koma. Samtökin hafa lengi lagt áherslu á mikilvægi þessa málaflokks og þá ekki síst þar sem er sá ógnarstóri hópur á íslenskum vinnumarkaði sem ekki hefur lokið framhaldsnámi, eða tæp 40%. Starfsmenntasjóðir SA og stéttarfélag hafa á undanförunum tveimur samningstímabilum lyft grettistaki hvað varðar aukinn aðgang þessa hóps að námskeiðum og viðbótarmenntun. Stóra verkefnið nú er að gera þessum hópi kleift að fá raunfærni sína metna til eininga inn í hið formlega skólakerfi og að þróa og efla framboð á viðurkenndum og einingarbærum leiðum í fullorðinsfræðslu. Að þessum verkefnum starfar Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, sem rekin er í samstarfi SA og ASÍ í krafti þjónustusamnings við menntamálaráðuneytið. Þarna eru á ferðinni gríðarlega mikil hagsmunamál fyrir viðkomandi einstaklinga, atvinnulífið og þar með þjóðfélagið allt.

Samtök atvinnulífsins telja að skoða beri lagasetningu um rétt fullorðinna á vinnumarkaði til að hefja og ljúka námi upp að stúdentsprófi eða sambærilegum áfanga á verknámssviði, þ.e. upp að því marki er réttur myndast til töku námslána. Samtökin leggja þó áherslu á mikilvægi þess að einstaklingurinn verður sjálfur að sýna ákveðið frumkvæði hverju sinni, þ.e. enginn annar á að hafa það verkefni að beinlínis fá einstaklingana til að hefja nám. Kynna þarf aukið og bætt námsframboð og fjármögnun þess, en einstaklingurinn verður sjálfur að sýna frumkvæði. Jafnframt er mikilvægt að einstaklingurinn leggi sjálfur eitthvað af mörkum til þess kostnaðar sem af náminu hlýst, þótt eðlilegt sé að ríkissjóður standi í aðalatriðum undir kostnaði af námi sem talist getur sambærilegt við framhaldsskóla, líkt og gildir um framhaldsskólann sjálfan. Í mörgum tilfellum gætu viðkomandi einstaklingar hugsanlega nýtt áunnin réttindi sín innan starfsmenntasjóða atvinnulífsins í þessu skyni.

### **Ójafn aðgangur að námi**

Í greinargerð þingsályktunartillögunnar kemur m.a. fram að nú er staðan sú að þeir sem mesta menntun hafa fyrir hafa jafnframt mestan aðgang að endur- og símenntun. Þetta er vissulega

**Aðsetur:**  
Borgartún 35  
105 Reykjavík

**Sími:**  
591 00 00

**Bréfsími:**  
591 00 50

**Neffang:**  
sa@sa.is

**Veffang:**  
www.sa.is



mjög sérstök staða sem m.a. stafar af þeim ójöfnuði að háskólamenntaður einstaklingur getur hvenær sem hann svo kýs bætt við sig t.d. mastersgráðu nánast algerlega á kostnað ríkisins (skráningargjaldið við ríkisháskóla eru kr. 32.500), á sama tíma og einstaklingur án framhaldsmenntunar sem kýs t.d. að fara í Grunnmenntaskólann hjá Mími-símenntun þarf sjálfur að greiða allan kostnaðinn (kr. 140.000), nema hann hafi unnið sér inn réttindi hjá viðeigandi starfsmenntasjóði í atvinnulífínu sem greiðir þá hugsanlega stærstan hluta, en þá er jú um að ræða úttekt áunninna réttinda einstaklingsins. Einstaklingur sem hyggst taka meirapróf til aukinna ökuréttinda þarf iðulega að greiða allan kostnaðinn sjálfur og getur upphæðin numið á bilinu 150 – 300 þúsund krónum, allt eftir umfangi náms og réttinda sem aflað er. Kostnaðarþátttaka á háskólastigi er ekki umfjöllunarefni þingsályktunartillögunnar en framangreind staða hlýtur að teljast verulegt umhugsunarefni í ljósi þeirrar athugasemdar í greinargerð tillögunnar að þeir fái mesta endur- og eftirmenntun og fullorðinsfræðslu sem hafa mesta menntun fyrir. Þennan mun má jafna á fleiri en eina vegu en sú afstaða SA er þekkt að eðlilegt hljóti að teljast að fólk taki aukinn þátt í beinum kostnaði af háskólanámi sínu en nú er raunin í sumum háskólum landsins.

### Athugasemdir varðandi ábyrgð og fjármögnun

Ástæða er til að gera athugasemd við nokkrar af þeim forsendum sem byggt er á í greinargerð með þingsályktunartillögunni, og tillögum sem þar koma fram í kaflanum um ábyrgð og fjármögnun.

- Í fyrsta málslið upptalningar kemur fram sú skoðun að fullorðinsfræðsla sé „á sameiginlegri ábyrgð samfélagsins, einstaklinga og atvinnulífsins.“ Þótt atvinnulífið hafi líkt og að framan er tæpt á, lagt mikla áherslu á þennan málaflokk og lagt mikið af mörkum til hans, þá er ekki hægt að taka undir að fullorðinsfræðsla í samfélaginu sé á ábyrgð atvinnulífsins. Ábyrgðin er stjórnvalda og auðvitað einstaklinganna sjálfra. Annað gildir þó um það sem fram kemur í þriðja liðnum, hvað varðar fjármögnun á mjög sértækri verk- og tækniþekkingu í einstökum fyrirtækjum, þótt í mörgum tilfellum hafi einstaklingar væntanlega þegar yfir slíkri þekkingu að ráða er þeir hefja störf.
- Í fyrsta málslið er jafnframt fjallað um menntareikninga og er framlag atvinnurekenda talið upp sem hluti þeirra. Þarna er á ferðinni misskilningur á hugtakinu menntareikningar. Í skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ um menntareikninga frá því í desember 2003 eru menntareikningar skilgreindir þannig:

*Grunnhugmyndin um menntareikninga byggist á því að tekið er fast hlutfall af launum hvers starfsmanns sem er síðan ávaxtað í séreignasjóði með skattfríðindum þar til viðkomand launþegi ákveður að nýta sér inni-stæðuna til að sækja sér menntun eða þjálfun. Til viðbótar gæti komið framlag atvinnurekenda sem væri þá einnig fast hlutfall af launum starfsmanns.*

Samtök atvinnulífsins hafa tekið jákvætt í umræðu um menntareikninga og fjölluðu raunar upphaflega um þá sem námssparnaðarreikninga, en það hafa þau gert á grundvelli valkvæðs sparnaðar einstaklinganna sem nyti skattfríðinda á svipaðan hátt og viðbótarlífeyrissparnaður. Þau erlendu dæmi sem nefnd eru til sögunnar í skýrslu Hagfræðistofnunar fela ekki í sér móttframlag atvinnurekenda.



- Í öðrum málslið er að finna sambærilega forsendu og þegar var hér gerð athugasemd við um að samfélag, einstaklingar og atvinnulíf beri ábyrgð á endur- og eftirmenntun. Þá kemur fram að samfélagið eigi að axla ábyrgð gagnvart þeim sem standi höllum fæti, og talað um að fræðslusjóðir og fræðslustofnanir atvinnulífsins gegni þar lykilhlutverki. SA minna á að fræðslusjóðir SA og stéttarféлага eru tilkomnir á grundvelli samninga og að þar geta sótt um styrki einstaklingar sem áunnið hafa sér slík réttindi annars vegar, og fyrirtæki á viðkomandi starfssviði hins vegar. Einstökum sjóðum er ekki ætlað að bera ábyrgð gagnvart samfélaginu öllu og það er ekki hlutverk löggjafans að hlutast til um ráðstöfun fjármagns þessara sjóða.

Að þessu sögðu styðja Samtök atvinnulífsins þá tillögu að hafin verði vinna að frumvarpi um fullorðinsfræðslu, með það að markmiði að efla og treysta fullorðinsfræðslu í landinu og skýra hlutverk þeirra sem að þessari menntun koma, bæði hvað varðar fjármögnun og námsframboð. Gríðarlega mikilvægt er að þeim hópi fullorðinna sem ekki hafa lokið framhaldsnámi standi til boða leiðir til að fá metna raunfærni sína og til að bæta við sig viðurkenndu námi. Það er ríkisins að axla í meginatriðum fjárhagslega ábyrgð á námi sem flokka má sem framhaldsskólanám, þótt eðlilegt sé að einstaklingurinn leggi sjálfur eitthvað af mörkum hverju sinni.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason